

# *Ársfundur Mardallar - félags um menningararf kvenna þann 12. október 2009*

*Valgerður Bjarnadóttir setti fundinn og bauð konur velkomnar, bað síðan Þorbjörgu Asgeirsdóttur að taka að sér fundarstjórn og Önnu Dóru Hermannsdóttur að rita fundargerð.*

*Fundarstjóri bað viðstaddar konur að kynna sig.*

*Af Mardallarsystrum voru sex mættar og gestir voru einnig sex talsins.*

## *1. Skýrsla Mardallarráðs og ársreikningar.*

*Valgerður sagði frá tilurð Mardallar og flutti ársskýrsluna sem var þó í raun skýrsla síðustu þriggja ára allt frá stofnun félagsins þann 21. október 2006 og útskýrði hún einnig hugmyndafræðina sem liggur að baki félaginu.*

*Valgerður gerði grein fyrir viðburðaröðinni Vitið þér enn – eða hvað? og ræddi um framtíðarsýnina, hvernig Mardöll geti vaxið og dafnað.*

*Síðan sagði hún frá nafninu Mardöll og þýðingu þess.*

*Valgerður gerði síðan, eftir fyrirspurn úr sal, í stuttu máli grein fyrir fyrirhugaðri ráðstefnu í Hofi 2010 sem væntanlega verður frestað til 2011 vegna ýmissa utanaðkomandi ástæðna.*

*Ársreikningar félagsins sem Guðrún Hadda Bjarnadóttir fjárfreyja gerði grein fyrir og voru þeir samþykktir.*

## *2. Inntaka nýrra félagskvenna.*

*Sex nýjar konur gengu í félagið; Regína Torfadóttir Thoroddsen, Bryndís Kondrup, Hjördís Frímann, Sveinbjörg Hallgrímsdóttir, Anna Gunnarsdóttir og Katrín Friðriksdóttir.*

## *3. Lagabreytingar.*

*Valgerður fór yfir tillögur að lagabreytingum og útskýrði þær ásamt Valdísi. Fyrirspurn úr sal um hvort félagið sé opið fyrir karla einnig og urðu nokkrar umræður um það.*

*Lagabreytingar bornar upp og samþykktar einróma.*

## *4. Kjör Freyju Mardallar*

*Freyja Mardallar hefur verið frá upphafi Valgerður H. Bjarnadóttir sem gengur nú úr Mardallarráði.*

*Mardallarráð leggur til að Valdís Viðarsdóttir taki að sér hlutverk Freyju Mardallar og var það samþykkt með lófataki.*

#### *5. Kjör í Mardallarráð*

*Guðrún Hadda Bjarnadóttir mun sitja áfram í Mardallarráði en einnig gefa kost á sér Sveinbjörg Hallgrímsdóttir, Anna Gunnarsdóttir og Þorbjörg Ásgeirsdóttir en hún er staðgengill fyrst í stað uns önnur systir gefur kost á sér. Voru þær samþykktar einróma.*

*Úr ráðinu ganga Hrefna Harðardóttir og Anna Dóra Hermannsdóttir.*

#### *6. Kjör skoðunarkvenna reikninga*

*Guðfinna Nývarðsdóttir og Katrín Jónsdóttir gefa kost á sér áfram og var það samþykkt einróma.*

#### *7. Ákvörðun árgjalds*

*Árgjald hefur verið 1.500.- en uppástunga úr sal er að það verði hækkað í 3.000.- og það samþykkt einróma.*

*Hlé með dýrindis krásum.*

*Eftir hlé sátu Mardallarkonur saman og miðluðu visku og gleði, sögum og hlátri.*

*Valgerður lagði til að hver uppákoma Mardallar mundi enda með “rituali” sem hún leiddi síðan með viðstöddum Mardöllum. Síðan sleit Þorbjörg fundi.*